

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag lystigarðs við Fossflöt og nýtt deiliskipulag tjald- og þjónustusvæðis við Árhólma, Hveragerðisbæ.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 15. október 2014 eftirfarandi deiliskipulags-tillögur:

#### *Nýtt deiliskipulag lystigarðs við Fossflöt.*

Deiliskipulagið nær til reits sem afmarkast af Reykjamörk, Skólamörk, Breiðumörk og sveitarfélagsmörkum við Sveitarfélagið Ölfus og felur m.a. í sér allt að 80 m<sup>2</sup> verslunar- og þjónustuhús, svið og bílastæði. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Nýtt deiliskipulag tjald- og þjónustusvæðis við Árhólma.*

Deiliskipulagið nær til tveggja reita. Reitur A liggur nálægt bæjarmörkum Hveragerðis og Sveitarfélagsins Ölfuss, skammt frá Rjúpnabrekkum. Þar er gert ráð fyrir bílastæði, stígum fyrir útivistarfólk, lóðum fyrir þjónustumiðstöð og smáhýsi og aðkomu að gönguleið inn í Reykjadal og Grændal. Reitur B er staðsettur norðvestan við veg að hesthúsahverfi og að Hengladalaá. Þar er gert ráð fyrir tjaldsvæði og bílastæði. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2005. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hveragerði, 12. nóvember 2014.*

**Guðmundur F. Baldursson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 26. nóvember 2014